

# Lífskjarasamningurinn 2019-2022

Varðstaða um kaupmátt launa, lægri verðbólgu og  
lægri vexti til frambúðar

# LÍFS KJARA SAMNING URINN

## 2019-2022

3. apríl 2019

Birt með fyrirvara um prent- og reiknivillur

# Samsett lausn sem byggir á samstarfi verklýðshreyfingar, atvinnurekenda og stjórnvalda



# Megininntak: Tryggja kjarabætur lágtekjuhópa og skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta

## Kjarabætur til tekjulágra

- Kjarasamningurinn felur í sér sérstaka áherslu á **kjarabætur til tekjulágs launafólks**.
- Launahækkunar samningsins eru allar í formi **krónutöluhækkana** á kauptaxta og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.
- Í því felst breið sátt á vinnumarkaði um að launafólk með lágar tekjur hækki hlutfallslega meira í launum en þeir sem hærri laun hafa.

## Skilyrði til vaxtalækkunar

- Eitt meginmarkmið kjarasamningsins er að **stuðla að vaxtalækkun** sem gagnast heimilunum og atvinnulífnum einkar vel.
- Að mati samningsaðila skapar samningurinn rými til vaxtalækkunar sem **eykur ráðstöfunartekjur heimila** með íbúðaskuldir og auðveldar fyrirtækjum að standa undir launahækkunum sem felast í kjarasamningnum.
- Þá stuðlar vaxtalækkun að **lækkun húsaleigu**.

## Samkeppnishæft atvinnulíf

- Ein forsenda góðra kjara launafólks og fullrar atvinnu er **samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs**.
- Markmið aðila er að standa vörð um kaupmátt launa og stuðla að lágri verðbólgu og lægri vöxtum til frambúðar.

## Hagvaxtarauki

- Í samningnum felst bein tenging milli svigrúms atvinnulífsins til launabreytinga og hækkunar launa.
- Ákvæði um **launaauka** vegna framleiðniaukningar tryggir launafólki hlutdeild í ávinningi þegar landsframleiðsla á hvern íbúa eykst umfram tiltekin mörk.

## Launaþróunartrygging

- Samningurinn tryggir einnig að launafólk sem tekur laun samkvæmt umsömdum launatöxtum fylgi almennri launaþróun verði umtalsvert launaskrið á almennum vinnumarkaði.

## Heilbrigður vinnumarkaður

- Samningsaðilar vilja **treysta í sessi heilbrigðan vinnumarkað** þar sem brot á launafólki líðast ekki með því að lögfestar verði aðgerðir gegn kennitölulakki og félagslegum undirboðum sem jafnframt tryggi jafna samkeppnistöðu fyrirtækja.

# Samsett nálgun í fjögurra ára lífsskjarasamningi

**1**

## Hærri laun

- Sérstök áhersla á kjarabætur tekjulágs launafólks -

**2**

## Aukinn sveigjanleiki og meiri frítími

- Styttri vinnutími, aukinn frítími og fjölskylduvænni vinnustaður -

**3**

## Lægri skattar

- Aðgerðir stjórnvalda til að létta undir með tekjulágu launafólki-

**4**

## Lægri vextir

- Lífsskjarasamningur skapar skilyrði til vaxtalækkunar-


# Lífskjarasamningurinn er grundvallaður á krónutöluhækkunum

Hagvaxtaraukinn tryggir að **hlutur launafólks í verðmætasköpuninni helst stöðugur**, sem í dag er sá hæsti meðal ríkja OECD.

## Launahækkunir 2019-2022

Þúsundir króna

■ Taxtahækkun  
■ Almenn hækkun  
■ Hagvaxtarauki



**+26.000 króna orlofsuppbótarauki** sem greiðist til allra fyrir 2. maí 2019

+26

Hófleg upphafshækkun er lykilatriði

**Lágmarkstekjutrygging strax í 317 þúsund kr.**

### Hagvöxtur á mann

### Hagvaxtaraukinn

> 1,0%	➔	+3.000 kr.
> 1,5%	➔	+5.500 kr.
> 2,0%	➔	+8.000 kr.
> 2,5%	➔	+10.500 kr.
> 3,0%	➔	+13.000 kr.

- Hagstofan birtir tölur um hagvöxt á mann í mars ár hvert.
- Launahækkunir munu því eiga sér stað í maí.
- Árleg samningsbundin launahækkun samanstendur af grunnlaunahækkun og launaauka

Hagvaxtaraukinn fer að fullu á taxtalaun en 75% í almenna hækkun


# Sviðsmyndir lífskjarasamnings: Hagvaxtaraukinn tryggir hlut launþega í verðmætasköpun þjóðarinnar

1

## Sviðsmynd 1

Hagvöxtur á mann 1%

Þúsundir króna



17    27    27    28

99


Samanlögð hækkun 2019-2022

2

## Sviðsmynd 2

Hagvöxtur á mann 2%

Þúsundir króna



17    32    32    33

114


Samanlögð hækkun 2019-2022

3

## Sviðsmynd 3

Hagvöxtur á mann 3%

Þúsundir króna



17    37    37    38

129

Samanlögð hækkun 2019-2022

Við bætist 26.000 kr. orlofsuppbótarauki sem greiðist út fyrir 2. maí 2019

# Launahækkunir samningsins eru í formi krónutöluhækkana á kauptaxta og föst mánaðarlaun

## Almenn hækkun

Ár	kr.
2019	+17.000 kr.
2020	+18.000 kr.
2021	+15.750 kr.
2022	+17.250 kr.

## Hækkun kauptaxta

Ár	kr.
2019	+17.000 kr.
2020	+24.000 kr.
2021	+24.000 kr.
2022	+25.000 kr.

## Lágmarkstekjutrygging

Ár	kr.
2019	317.000 kr.
2020	335.000 kr.
2021	351.000 kr.
2022	368.000 kr.

## Orlofsuppbót

Ár	kr.
2019	50.000 kr.
2020	51.000 kr.
2021	52.000 kr.
2022	53.000 kr.

**+26.000 króna orlofsuppbótarauki**  
sem greiðist til allra fyrir 2. maí 2019

# Launþróunartrygging veitir taxtahópum hlutdeild í launaskriði á almennum markaði

## Launþróunartrygging


Á árunum 2020-2022 reiknast ár hvert kauptaxtauki vegna launþróunar, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

1. Útreikningur taxaaukans byggist á samanburði launþróunar skv. launavísitölu Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað<sup>1</sup> við hlutfallslega breytingu hæsta virka launaflokks SGS.<sup>2</sup>
2. Hækki launavísitalan meira en viðmiðunartaxtinn hækka allir kauptaxtar kjarasamninga um sömu krónutölu sem reiknast sem hlutfall umframhækkunarinnar af framangreindum kauptaxta.
3. Útreikninga skal miða við breytingar milli desembermánaða ár hvert<sup>3</sup> og skal taxaaukinn bætast við kauptaxta frá 1. maí ár hvert.



## Dæmi:

- Launavísitala hækkar um **5%** á viðmiðunartímabilinu.<sup>3</sup>
- Hæsti launataxti hækkaði á sama tíma um **4%**.



- Þá munar u.þ.b. 1% ( $1,05/1,04=0,96\%$ ).
- Hæsti taxtinn er t.d. 300.000 kr. á mánuði.

**Þá reiknast launþróunartryggingin sem 1% af 300.000 kr. eða 3.000 kr.**

<sup>1</sup> leiðrétt með aðferð dr. Kim Ziechang


<sup>2</sup> lfl. 17 e. 5 ár

<sup>3</sup> fyrst m.v. des. 2018 – des. 2019



# Samantekt: Áhersla á taxtahópa og tengingu launahækkana við þróunar verðmætasköpunar


1



## Lífskjarsamningar

- Fjögurra ára kjarasamningur.
- Hækkun kauptaxta verði 90 þúsund krónur á þessum árum.
- Til viðbótar greiðist 26.000 kr. orlofsuppbótarauki út á fyrsta samningsárinu.


2



## Hagvaxtarauki

- Hagvaxtarauki reiknast út frá hagvexti á mann.
- Hagvaxtaraukinn tryggir launafólki hlutdeild í þeim ávinningi sem myndast þegar landsframleiðsla á mann eykst umfram tiltekin mörk.
- Hlutur launafólks í verðmætasköpun verður því áfram sá hæsti meðal ríkja OECD.

3



## Launapróunartrygging

- Samningurinn tryggir að launafólk sem tekur laun samkvæmt umsömdum launatöxtum fylgi almennt launapróun verði umtalsvert launaskrið á almennum vinnumarkaði.
- Launapróunartrygging er greidd út árlega og miðast við breytingar milli desembermánaða ár hvert.

# Samsett nálgun í fjögurra ára lífshjálarsamningi

**1**

## Hærri laun

- Sérstök áhersla á kjarabætur tekjulágs launafólks -

**2**

## Aukinn sveigjanleiki og meiri frítími

- Styttri vinnutími, aukinn frítími og fjölskylduvænni vinnustaður -

**3**

## Lægri skattar

- Aðgerðir stjórnvalda til að létta undir með tekjulágu launafólki-

**4**

## Lægri vextir

- Lífshjálarsamningur skapar skilyrði til vaxtalækkunar-

# Tíminn er dýrmætur: Sveigjanlegri og styttri vinnudagur gerir launafólki kleift að samræma vinnu og einkalíf betur en áður


## Sveigjanlegri og styttri vinnudagur

Með því að gera vinnutíma fólks sveigjanlegri hagnast allir.

Má til dæmis bjóða þér að...

- 1 Hætta fyrr á hverjum degi?
- 2 Hætta fyrir hádegi á föstudögum?
- 3 Fá tvo auka frídaga á mánuði?
- 4 Halda áfram eins og ekkert hafi í skorist?

Þetta eru gæði sem gætu komið til viðbótar við hækkun launa sem verið er að semja um þessa dagana.



## Tilraunarrinnar virði


- Á Íslandi er unnin mikil yfirvinna en hjá frændum okkar og frænkum á Norðurlöndum þekkist hún varla.
- Þessu viljum við breyta og gera íslenskan vinnumarkað fjölskylduvænni þar sem karlar og konur deila jafnri fjölskylduábyrgð.



## Hvað myndir þú gera?

Það er í þínum höndum og góðu fréttirnar eru þær að starfsfólk mun sjálft kjósa um það fyrirkomulag sem hentar best á hverjum vinnustað.

## Lífskjarasamningurinn gefur starfsfólki möguleika á að kjósa um styttri vinnuviku á hverjum vinnustað fyrir sig




- Kjarasamningurinn gefur starfsfólki á einstökum vinnustöðum möguleika á styttingu vinnuviku með gerð samkomulags þar um milli starfsmanna og stjórnenda.
- Starfsmenn geta farið fram á viðræður um vinnutímastyttingu í **36 virkar vinnustundir á viku** að jafnaði samhliða upptöku virks vinnutíma. Stjórnendur fyrirtækja geta einnig óskað eftir sams konar viðræðum.
- Á samningssviði verslunarmanna verður vinnutímastytting **45 mínútur á viku** sem útfærð verður sérstaklega.

# Vinnutímastytting: Starfsfólk og atvinnurekendur velji það fyrirkomulag sem hentar best á hverjum vinnustað



## Óbreyttur vinnutími

- Starfsdagurinn **helst óbreyttur**.
- Sérhver vinnudagur helst óbreyttur.




## Stytttri vinnudagur

- Starfsmenn og atvinnurekendur komast að samkomulagi að nýta styttingu **á hverjum degi**.
- Sérhver vinnudagur styttist um **53 mínútur**.



## Stytttri vinnuvika

- Starfsmenn og atvinnurekendur komast að samkomulagi að nýta það í lok hvernar viku og ljúka störfum rétt fyrir hádegi á föstudegi.
- Hver föstudagur styttist um **212 mínútur**.



## Frí annan hvern föstudag

- Starfsmenn og atvinnurekendur komast að samkomulagi um að nýta það **í lok annarrar hvernar viku og taka frí annan hvern föstudag**.
- Annar hver föstudagur er **viðbótar frídagur**.



## Stytttri vinnudagur þar sem vélar stjórna hraða

- Starfsmenn og atvinnurekendur komast að samkomulagi um að nýta styttingu **á hverjum degi**.
- Hvíldarhlé útfærð** á hverjum vinnustað eftir þörfum og aðstæðum.





## Dæmi um óbreytt fyrirkomulag innan fyrirtækis: Óbreyttur vinnudagur


### Dæmigerður vinnudagur - skipulag






## Dæmi um útfærslu innan fyrirtækis: Styttri viðvera hvern dag

### Dæmigerður vinnudagur - skipulag



### Nýtt fyrirkomulag m.v. 36 tíma vinnuviku



#### Áhrif breytinga:


- 20 mín Fyrra kaffihlé
- 20 mín Seinna kaffihlé
- 12 mín Vinnutímastytting
- 1 mín Til viðbótar

**53 mín Samtals á dag**




# Dæmi um útfærslu innan fyrirtækis: Óbreytt viðvera nema á föstudögum


## Dæmigerður vinnudagur - skipulag



## Nýtt fyrirkomulag m.v. 36 tíma vinnuviku



## Stytting vinnuvikunnar um hálfan dag




\*Stytting vinnudagsins á föstudögum er 212 mínútur eða 3 klukkustundir og 32 mínútur.






# Dæmi um útfærslu innan fyrirtækis: Óbreytt viðvera, frí annan hvern föstudag<sup>1</sup>

## Dæmigerður vinnudagur - skipulag



## Nýtt fyrirkomulag m.v. 36 tíma vinnuviku



## Styttir vinnumánuðinn um 2 daga

Með því að vinna áfram óbreyttan vinnudag (8 tíma) er hægt að taka frí annan hvern föstudag.

	Mán:	Þrið:	Mið:	Fim:	Fös:
Vika 1	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Vika 2	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> FRÍ
Vika 3	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Vika 4	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> FRÍ

Unnir dagar  Frídagar




Þetta eru aðeins fá dæmi af ótal mörgum sem starfsmenn og vinnuveitendur geta farið.

<sup>1</sup>Ef starfsmenn vinna 9 daga af 10 jafngildir það inneign upp á 477 mín eða 7 klukkustundir og 57 mínútur. Því þarf að halda til haga að taki starfsmenn frí í einn dag aðra hverja viku þá eiga þeir eftir 45 mín. af uppsöfnuðum mínútum. Með því að hætta alla daga kl. 16:30 í stað 16:35 þá verða uppsafnaðar mínútur fullnýttar með heilum frídegi aðra hverja viku.




## Dæmi um útfærslu innan fyrirtækis þar sem vélar stjórna hraða

### Dæmigerður vinnudagur - skipulag




### Nýtt fyrirkomulag m.v. 36 tíma vinnuviku<sup>1</sup>



<sup>1</sup>Sýnidæmi til útskýringar. Ótímasett hvíldarhlé útfærð á hverjum vinnustað eftir þörfum og aðstæðum.

# Samantekt: Aukinn sveigjanleiki, meiri frítími og fjölskylduvænni vinnustaður

1




- Með því að gera vinnutíma fólks sveigjanlegri hagnast allir.
- Á Íslandi er unnin mikil yfirvinna en hjá frændum okkar og frænkum á Norðurlöndum þekktist hún varla.
- Kjarasamningurinn gefur starfsfólki á einstökum vinnustöðum möguleika á styttingu vinnuviku með gerð samkomulags þar um milli starfsmanna og stjórnenda.

2



- Tekinn verði upp virkur vinnutími og vinnutímastytting samhliða því.
- Virkur vinnutími verði því að jafnaði 36 stundir á viku.
- Fulltrúar launafólks og atvinnurekendur gera samkomulag um útfærslu vinnutímastyttingarinnar á hverjum vinnustað fyrir sig.

3



- Vinnutímastytting býður upp á fjölbreytta möguleika.
- Aukinn frítími og sveigjanlegri vinnutími gerir foreldrum kleift að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.
- Stytting vinnutíma og fjölskylduvænni vinnustaður getur leitt til aukinnar framleiðni sem er til hagsbóta fyrir alla landsmenn.

# Samsett nálgun í fjögurra ára lífskjarasamningi

1

## Hærri laun

- Sérstök áhersla á kjarabætur tekjulágs launafólks -

2

## Aukinn sveigjanleiki og meiri frítími

- Styttri vinnutími, aukinn frítími og fjölskylduvænni vinnustaður -

3

## Lægri skattar

- Aðgerðir stjórnvalda til að létta undir með tekjulágu launafólki-

4


## Lægri vextir

- Lífskjarasamningur skapar skilyrði til vaxtalækkunar-


# Aðgerðir stjórnvalda: Skattar lækkaðir með sérstaka áherslu á tekjulága hópa

## Ábati skattkerfisbreytinga á ráðstöfunartekjur

Krónur



# Aðgerðir stjórnvalda: Barnabætur hækkaðar og skerðingarmörk þeirra hækki




## Einstætt foreldri

með 2 börn, annað yngra en 7 ára


### Hækkun barnabóta

Krónur m.v. mánaðartekjur einstæðs foreldris



Barnabætur hafa hækkað um allt að **9.500 kr.** á mánuði fyrir einstætt foreldri

9.500 kr. hækkun barnabóta er ígildi **15.000 kr. launahækkunar fyrir skatt**




## Foreldrar í sambúð

með 2 börn, annað yngra en 7 ára

### Hækkun barnabóta

Krónur m.v. mánaðartekjur foreldra



Barnabætur hafa hækkað um allt að **14.000 kr.** á mánuði fyrir foreldra í sambúð

14.000 kr. hækkun barnabóta er ígildi **22.000 kr. launahækkunar fyrir skatt**

# Samantekt: Skattalækkun og aðrar aðgerðir stjórnvalda eru lykilatriði til að liðka fyrir gerð kjarasamninga

1



10.000 kr. skattalækkunir

- Uptaka nýs lægsta þreps tekjuskatts lækkar skatta um 7.636 krónur á mánuði. Það lækkar skattbyrði tekna við 330.000 þrepaviðmið nýja skattþrepsins úr 19,85% í 17,7%.
- Þetta ásamt viðbótarskattbreytingum stjórnvalda mun lækka skatta á þá tekjulægstu um 10.000 krónum á mánuði. Þegar þessar aðgerðir hafa komið til fullrar innleiðingar jafngildri það hækku launa um 15.900 krónur á mánuði fyrir skatta.

2



15.000 kr. hærri barnabætur

- Hærr barnabætur gagnast einkum barnafólki með lágur tekjur. Þannig getur einstætt foreldri fengið 9.500 kr. hækku á barnabótum og foreldrar í sambúð 14.000 kr.
- 9.500 kr. í hærri barnabótum samsvara 15.000 kr. launahækku fyrir skatta.
- Þá verða skerðingarmörk barnabótanna einnig hækkuð

3



Fleiri aðgerðir stjórnvalda

- Breyting á tekjuskatti einstaklinga er aðeins ein af mörgum aðgerðum stjórnvalda.
- Þegar hefur komið til hækku atvinnuleysisbóta, hámarksfjárhæð fæðingarorlofs og sérstök hækku persónuafsláttar.
- Fyrirhugaðar eru aðgerðir í húsnæðismálum, aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði auk lengingu fæðingarorlofs.

# Samsett nálgun í fjögurra ára lífskjarasamningi

1

## Hærri laun

- Sérstök áhersla á kjarabætur tekjulágs launafólks -

2

## Aukinn sveigjanleiki og meiri frítími

- Styttri vinnutími, aukinn frítími og fjölskylduvænni vinnustaður -

3

## Lægri skattar

- Aðgerðir stjórnvalda til að létta undir með tekjulágu launafólki-

4

## Lægri vextir

- Lífskjarasamningur skapar skilyrði til vaxtalækkunar-



# Meginmarkmið lífskjarasamnings er að skapa hér skilyrði fyrir lækkun vaxta

## Skilyrði til lækkunar vaxta

- Skynsamur lífskjarasamningur til fjögurra ára. Felur í sér beina tengingu milli svigrúms atvinnulífsins til launabreytinga og hækkunar launa.
- Stöðugt gengi krónunnar. Ólíkt fyrri niðursveiflum er Ísland nú vel í stakk búið til að takast á við efnahagsáfall sem dregur úr líkum á veikingu krónunnar.
- Jafnvægi á húsnæðismarkaði. Aukið framboð íbúðarhúsnæðis mun áfram draga úr verðhækkun íbúða.

Verðbólga ræðst að mestu leyti af þróun gengis krónunnar, launa og húsnæðisverðs. Þar af leiðir að:

- 1 Skynsamir kjarasamningar
- 2 Jafnvægi á fasteignamarkaði
- 3 Stöðugt gengi krónunnar

**Skapar hér skilyrði til vaxtalækkunar**

Ummæli Gylfa Zoega nefndarmanns peningastefnunefndar 31. mars 2019:

„Semjist um hóflegar launahækkanir **verður mögulegt að lækka vexti hér á landi**. Þjóðarbúið er vel í stakk búið til að takast á við áfallið sem fylgdi gjaldþroti WOW air.“

# Lækkun vaxta eykur ráðstöfunartekjur heimila, stuðlar að áframhaldandi hagvexti og fjölgun starfa

## Af hverju skiptir máli að vextir lækki?

1

### Aukinn kaupmáttur

Lægri vextir auka ráðstöfunartekjur heimila.



2

### Jafnvægi á húsnæðismarkaði

Lægri vextir styðja við fjárfestingu íbúða og jafnvægi næst fyrir á húsnæðismarkaði. Stuðlar að lækkun húsaleigu.



3

### Aukin fjárfesting og nýsköpun

Lægri vextir styðja við fjárfestingu og nýsköpun. Örva þar með eftirspurn í hagkerfinu.



4

### Eykur samkeppnishæfni


Lægri vextir auðvelda fyrirtækjum að standa undir launahækkunum og styðja við samkeppnishæfni.



5

### Styður við hagvöxt

Lægri vextir styðja við hagvöxt og bæta lífsskjör almennings.



6

### Styður við fjölgun starfa


Lægri vextir styðja við fjölgun starfa.



# Kjarasamningar eru risavaxin breyta í efnahagslegu tilliti

## Vextir Seðlabanka Íslands

Vextir á 7 daga veðlánnum




Útlánsvextir Seðlabanka Íslands eru nú 5,25%



# Mikilvægt er að standa vörð um kaupmátt launa, tryggja stöðugleika og stuðla að lægri vöxtum til frambúðar

## Stýrivextir í völdum ríkjum frá 2001

meðaltal á árunum 2001-2019




## Lífskjarasamningur skapar skilyrði fyrir vaxtalækkun

1. Í gegnum tíðina hafa Íslendingar búið við mikla verðbólgu og háa vexti. Þar til nú.
2. Lífskjarasamningur stuðlar að lækkun vaxta.
3. Lítil skuldsetning, hátt sparnaðarhlutfall og rúmur gjaldeyrisvaraforði gætu skapað skilyrði til frekari lækkunar vaxta.
4. Mesta kjarabót heimila er að standa vörð um kaupmátt launa, tryggja litla verðbólgu og lægri vexti til frambúðar.




# Áhrif vaxtalækkunar á heimili: Sýnidæmi um möguleg áhrif 1% vaxtalækkunar á ráðstöfunartekjur heimila



## Aukning ráðstöfunartekna


% á mánuði



Laun miðast við heildarlaun verkafólks 2017 skv. Hagstofu Íslands að viðbætti almennri hækkun 2018  
Dæmi eru tekin af 20 m.kr. láni einstaklings og 30 m.kr. láni hjóna.

# Samantekt: Markmið samningsins er að skapa hér skilyrði til lækkunar vaxta. Mesta kjarabót heimila er lítil verðbólga og lægri vextir. Mikilvægt að standa vörð um kaupmátt launa.

1



**Skilyrði til vaxtalækkunar**

- Framundan er niðursveifla í íslensku efnahagslífi. Þjóðarbúið er vel í stakk búið til að takast á við efnahagsáfall og tryggja stöðugleika.
- Verðbólga ræðst að mestu leiti af þróun gengis krónunnar, launa og húsnæðisverðs.
- Lífskjarasamningur, jafnvægi á fasteignamarkaði og stöðug króna munu tryggja verðstöðugleika og skapa svigrúm til lækkunar vaxta.

2



**Vaxtalækkun styður við hagvöxt**

- Við núverandi aðstæður er vaxtalækkun mikilvæg viðspyrna gegn efnahagsáfalli.
- Vaxtalækkun leiðir til þess að jafnvægi næst fyrir á húsnæðismarkaði og leiga lækkar. Ýtir undir aukna fjárfestingu í landinu, örvar eftirspurn, styður við fjölgun starfa og áframhaldandi hagvöxt.

3



**Markmið um lægra vaxtastig til frambúðar**

- Í gegnum tíðina hafa íslenskir vextir verið umtalsvert hærri en í helstu viðskiptalöndum. Öll skilyrði eru til þess að vaxtastig geti lækkað til frambúðar ef staðið er vörð um stöðugleika.
- Markmið lífskjarasamnings er að stuðla að lítilli verðbólgu, lægra vaxtastigi og áframhaldandi hagvexti út samningstímann.

4




**Mikilvæg kjarabót til heimila**

- Vaxtalækkun gagnast einstaklingum með lágar tekjur og íbúðaskuldir betur en miklar launahækkunir sem óhjákvæmilega leiða til verðbólgu og vaxtahækkunar.
- Stýrivextir Seðlabankans hafa bein áhrif á óverðtryggt íbúðalán.
- Mesta kjarabót heimila er að standa vörð um kaupmátt launa, tryggja lága verðbólgu og lægri vexti.

# Lífskjarasamningurinn er samsett lausn sem byggir á samstarfi verklyðshreyfingar, atvinnurekenda og stjórnvalda

## Dæmi: Heildaráhrif á kjör verkafólks

Launaflokkur 4 - Almennt verkafólk<sup>1</sup>



<sup>1</sup>M.v. mánaðarlaun

<sup>2</sup>gildi launahækkana fyrir skatt

<sup>3</sup>Barnabætur m.v. einstætt foreldri með 2 börn, annað yngra en 7 ára

<sup>4</sup>Lægri greiðslubyrði 20 milljóna króna láns á íbúð m.v. lækkun vaxta um 1% á árunum 2019-2020

# Lífskjarasamningur styður við sterkan viðnámsþrótt íslenska hagkerfisins og skapar skilyrði til áframhaldandi hagvaxtar og lægra vaxtastigs.

- **Hátt sparnaðarhlutfall** – sparnaður á Ísland er hár í sögulegum og alþjóðlegum samanburði
- **Skuldsetning sögulega lág** – skuldir heimila, fyrirtækja og hins opinbera hafa verið greiddar niður. Þjóðarbúið er því betur í stakk búið til að takast á við efnahagsáfall.
- **Hrein erlend eignastaða jákvæð** – erlendar skuldir hafa verið greiddar niður og erlendar eignir vaxið. Íslendingar eru í fyrsta skipti hreinir lánveitendur til útlanda.
- **Jafnvægi í opinberum rekstri** – afkoma hins opinbera er jákvæð og gert ráð fyrir að svo verði áfram fram til ársins 2024. Ný lög um opinber fjármál tryggja aukna festu í opinberum fjármálum og styrkja stöðu hins opinbera til langs tíma.
- **Rúmur gjaldeyrisvaraforði** – Seðlabankinn hefur verulegt svigrúm til að bregðast við gengissveiflum. Rúmur gjaldeyrisforði skapar aukið traust á íslensku efnahagslífi og mildar aðlögun þegar efnahagsforsendur breytast.
- **Gjaldeyristekjur á breiðari grunni** – sem stuðlar að aukinni áhættudreifingu og styrki stöðu Íslands.
- **Aukin hagsæld og lægra vaxtastig** – ábyrg hagstjórn er forsenda efnahagslegs stöðugleika. Samfara skynsamlegum lífskjarasamningi og ábyrgri stjórn ríkisfjármála skapast nú forsendur til lægra vaxtastigs á Íslandi.
- **Sterkur viðnámsþróttur Íslands skapar skilyrði til bættra lífskjara.** Ef vel tekst til eru allar forsendur til að hér verði áfram hagvöxtur sem bætir lífskjör landsmanna.





**LÍFS  
KJARA  
SAMNING  
URINN**

**2019-2022**